Þórhallur starfar sem prestur í Uppsölum í Svíþjóð. Hverju sætir það? „Ég var hér í framhaldsnámi á sínum tíma og tók þá starfsréttindi í sænsku kirkjunni um leið. Síðan hef ég verið hér með annan fótinn af ýmsum ástæðum, skóla, vinnu og félögum, og nú sem prestur í fjögur ár. Við erum fjórir prestar sem vinnum saman í einum söfnuði með átta kirkjur. Síðustu mánuði hefur verið mikið að gera, einkum í jarðarförum, en þú hittir á mig á fyrsta degi í sumarfrii, út af afmælinu!“

Hann segir fyrirkomulag kirkjulegra athafna líkt og hér heima. „Sænska kirkjan er ívið kaþólskari á margan hátt en sú íslenska, meira skraut og meiri söngur – en báðar eru lúterskar og í grunninn er þetta eins.“

Þá er Þórhallur þekktur fyrir hjónabandsráðgjöf sína, skyldi hann fást við hana líka í Svíþjóð? „Nei, ég hef haldið mig við Ísland í þeim efnum. Þetta eru svo persónuleg mál og ég tengist fólki heima á annan hátt en hér. En námskeiðin rak í strand vegna Covid og eru í biðstöðu enn, eins og svo margt.“

Fjölskyldan útivistarfólk

Inntur eftir áhugamálum segir Þórhallur ferðalög þar ofarlega á blaði. „Fram að Covid var ég oft í leiðsögn með Íslendinga til Indlands, Miðausturlanda, Nepal og víðar. Sex ferðir voru bókaðar þegar kófið skall á og ég sé ekki fram á að þær verði farnar á næstunni.“

Rithöfundarstarf á líka vel við Þórhall. „Að fást við að skrifa og gefa út bækur er eitthvað sem ég dunda mér við. En svo erum við í fjölskyldunni mikið útivistarfólk, við hjólum, erum á skíðum og



Eftir grillveisluna í dag ætlar séra Þórhallur að skreppa í Dalina með fjölskyldunni og dvelja þar í fjallakofa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þegar ég varð fertugur keyrðum við að Dettifossi og ég man eftir yndislegum degi þar í íslenskri sumarsól.

göngum þannig að við hreyfum okkur mikið, það er sameiginlega áhugamálið okkar,“ lýsir hann.

Stór hluti fjölskyldunnar býr í Uppsölum líka. „Konan mín er prestur líka og starfar hér, sonur okkar sem er með okkur er að byrja í menntaskóla og dóttir okkar starfar sem læknir í borginni. Við eigum tvær dætur í viðbót, önnur er rithöfundur og kennari heima á Íslandi og hin er nýorðin læknir, ég býst við að hún sé á leiðinni hingað til dvalar.“

Afmælinu í dag kveðst Þórhallur ætla að verja með eiginkonu, börnum, móður, þremur tengdasonum og þremur barnabörnum. „Við ætlum að halda hér mikla útigrillveislu í garðinum og síðan skreppa í Dalina og dvelja þar í viku. Það vill nefnilega svo skemmtilega til að konan mín á afmæli á morgun, 31. júlí – það er ekki stórafmæli í ár en við munum fagna því í fjallakofa.“ ■

Þetta gerðist: 30. júlí 1907

Friðrik VIII stígur á land á Íslandi

Friðrik áttundi Danakonungur sté á land í Reykjavík þennan mánaðardag árið 1907, ásamt Haraldi prins og friðu föruneyti. Nákvæmlega 33 árum áður hafði faðir hans, Kristján IX, heimsótt Ísland og meðal annars fært Íslendingum stjórnarskrá.

Konungskomuna 1907 má rekja til þess að ári fyrr hafði alþingismönnum landsins verið boðið til Danmerkur, þeir vildu endurgjalda gestrisnina.

Heimsóknin vakti mikla athygli og í samtíma frásögnum kemur fram að aldrei hafi eins mikil viðhöfn sést og Reykjavík verið jafn fánum prýdd. Kóngurinn skoðaði meðal annars Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Ráðist hafði verið í miklar vegaframkvæmdir því búist var við að hann ferðaðist í vagni en hann valdi hesta. Á heimleið með skipi kom hann á Ísafjörð, Akureyri og Seyðisfjörð. ■



Konungur og fleiri að Reykjum á Skeiðum.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 30. júlí 2021

KYNNINGARBLAÐ



Kelsey Grammar leikur dr. Frasier Crane og fer vel með hlutverkið.

Frasier snýr aftur

elin@frettabladid.is

Margir muna eftir þáttunum um Frasier sem sýndir voru við miklar vinsældir á árunum 1993-2004. Þættirnir hlutu 37 Emmy-verðlaun sem er met hjá sjónvarpsþáttaröð og tvisvar sinnum Golden Globe. Nú hefur verið tilkynnt um nýja Frasier-þáttaröð sem fer í loftið snemma á næsta ári. Þættirnir eru framhald hinna fyrri en það eru Chris Harris sem skrifaði *How I met your Mother* og Joe Cristalli sem samdi *Life in pieces* sem eru handritshöfundar ásamt Kelsey Grammar sem leikur Frasier Crane. Framleiðandi er CBS Studio.

Kelsey hefur upplýst að Frasier sé orðinn mun ríkari en í fyrri þáttum. Dr. Frasier Crane var þekktur fyrir að vera snobbaður útvarpsþáttastjórnandi sem flutti frá Boston til Seattle til að annast aldraðan föður sinn og tilgerðarlegan bróður, Niles, sem var geðlæknir. Ekki hefur komið fram hvort sömu leikarar verði með Kelsey í þáttunum. Leikarinn John Mahoney sem lék Martin, föðurinn lést árið 2018. Hvort Niles og Daphne Moon verða með er enn óljóst.

Farsæll ferill

Kelsey er 66 ára og hefur átt farsæl-an feril jafnt á sviði og á skjánum. Eftir honum var fyrst tekið árið 1984 í sjónvarpsþáttunum *Cheers* sem gerðust á bar í Boston og náðu miklum vinsældum. Í þáttunum lék hann dr. Frasier Crane sem síðan fékk sína eigin þætti. ■



Heiðbrá Sól Hreinsdóttir stendur fyrir fatamarkaði í portinu við Prikið á morgun klukkan 14–20. Þar verður boðið upp á fjölbreytt föt og ýmiss konar list.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Umhverfisvænni og skemmtilegri leið til að kaupa föt

Á morgun verður haldinn fatamarkaður í portinu við Prikið. Þar verður boðið upp á fjölbreytt föt og ýmsa list svo að fólk hafi tækifæri til að fara út úr húsi og gera eitthvað skemmtilegt til að nýta góða veðrið þessa óvenjulegu verslunarmannahelgi. **2**

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
HREINN SAFI30
DAGA
SKAMMTUR

www.celasis.is



Heiðbrá segir það skipta máli að halda fatamarkaði til að vinna gegn fatasóun og að þetta sé skemmtilegri leið til að kaupa föt, vegna þess að það sé hægt að finna einstakar flíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Heimsfaraldurinn hefur eyðilagt áætlanir margra fyrir verslunarmannahelgina, en þó að sóttvarnateymið hafi beðið fólk um að vera ekki á ferðinni að öpörfu þýðir það ekki að það sé ekki hægt að njóta helgarinnar í rólegheitum á höfuðborgarsvæðinu og finna sér eitthvað skemmtilegt að gera. Á morgun verður til að mynda haldinn fatamarkaður á Prikínu, þar sem hægt verður að sýna sig og sjá aðra ásamt því að finna sér einhverjar einstakar flíkur eða annað skemmtilegt, án þess að leggja sig í neina óþarfa smithættu.

„Á morgun ætlum við að hafa lítinn fatamarkað á Prikínu. Þar verða seld alls konar föt, hljómplötur, list og fleira skemmtilegt,“ segir Heiðbrá Sól Hreinsdóttir, sem stendur fyrir fatamarkaðnum í samstarfi við skemmtistaðinn.

” Af því að þetta er úti er auðvelt að passa fjarlægðir og vera með spritt og þrífa allt yfirborð. Það er auðvelt að fylgja öllum reglum.

„Hún Katrín Helga, sem gefur út tónlist undir listamannsnafninu K.óla, verður líka með nýtt efni á vínyl og teikningar til sölu. Það eru starfsmenn Prikins, fastakúnnar og aðrir sem tengjast staðnum á einn eða annan hátt sem verða með vörur til sölu,“ segir Heiðbrá. „Það verður boðið upp á allt frá götufatnaði yfir í finni föt og fjölbreytnin verður mikil, enda er þetta mjög fjölbreyttur hópur þegar kemur að stíl og öðru, þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Auðvelt að fylgja öllum reglum

„Þrikið hefur haldið svona markaði í portinu nokkrum sinnum áður og það hentar vel. Veðurspáin er líka góð og það verður fint að vera þarna úti og taka því rólega,“ segir Heiðbrá, sem segir að það hafi verið einföld ástæða fyrir því að ákveðið var að setja markaðinn upp.

„Ég var að fara yfir fataskápin og sá að ég átti óþarflega mikið af fötum. Ég og Ísabella vinkona mín, sem vinnur líka á Prikínu, vorum að ræða það að við ættum báðar alltof mikið af fötum og ákváðum að okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt og hafa fleiri með, vera með hátalara úti og gera smá parti úr þessu,“ segir hún. „Síðan hefur veiran skemmt áætlanir margra fyrir verslunarmannahelgina svo við vildum bjóða upp á eitthvað öðruvísi fyrir þá sem ætla að vera í bænum um helgina. Af því að þetta er úti er auðvelt að passa fjarlægðir og vera með spritt og þrífa allt yfirborð. Það er auðvelt að fylgja öllum reglum.“

Vinnur gegn fatasóun

Sjálf er Heiðbrá mjög hrifin af fatamörkuðum og finnst bæði mjög gaman að halda þá og kíkja á þá og gramsa.

„Ég hélt svona fatamarkað á Loft Hosteli fyrir tveimur árum með nokkrum vinkonum mínum. Það var svipuð þæling og núna, við vildum losa okkur við föt og skoða hver hjá annarri,“ segir hún. „Það er gaman að endurnýta í stað þess að kaupa alltaf bara nýtt.“

Heiðbrá segist hafa áhuga á umhverfismálum. „Það er eðlilegt á þessum tímum, maður kemst ekki hjá því,“ segir hún.

„Fatamarkaðir geta verið umhverfisvænir, svo lengi sem maður stundar þá nokkurn veginn eingöngu, eins og ég geri, í staðinn fyrir að vera að selja fötin sín bara til að geta keypt ný,“ segir Heiðbrá. „Þá virkar þessi hringrás.“

Persónulega finnst mér það skipta máli að halda fatamarkaði til að vinna gegn fatasóun og svo er þetta almennt skemmtilegri leið til að kaupa föt, þú getur fundið einstakari flíkur en ef þú kaupir bara eitthvað fjöldaframleitt á netinu,“ segir Heiðbrá. „Það er líka algjört rugl hvað það safnast upp stórar hrúgur af fjöldaframleiddum fötum sem hafa litið eða ekkert verið notuð áður en þau enda á hauginum, maður hefur séð það á myndum. Þetta er hálf fáránlegt þegar maður kynnir sér þetta og bara sorglegt.“

Alltaf gaman að gramsa

Þegar Heiðbrá er spurð út í sinn uppáhalds fatamarkað nefnir hún strax Kolaportið.

„Mér finnst alltaf gaman að

” Fatamarkaðir geta verið umhverfisvænir, svo lengi sem maður stundar þá nokkurn veginn eingöngu, eins og ég geri, í staðinn fyrir að vera að selja fötin sín bara til að geta keypt ný.

kíkja þangað. Það er klassískt að taka röltið þar og það er alltaf góð stemning. Það er gott að gera sér gláðan dag og fara þangað að gramsa,“ segir hún. „Ég hef líka farið nokkrum sinnum til Berlínar og ég kíki alltaf á útmarkaðina þar, sem er mjög gaman.“

Heiðbrá er líka ekki í nokkrum vafa um hver sé mesti fjársjóðurinn sem hún hefur fundið á fatamarkaði.

„Bestu kaupin sem ég hef gert á fatamarkaði eru svörtu pleðurbuxurnar mínar, sem eru úr fatalínu sem var gerð út frá Buffy The Vampire Slayer-þáttunum. Þær eru sjúkar!“ segir hún.

Fatamarkaðurinn á Prikínu hefst klukkan 14 á morgun og stendur til klukkan 20. Viðburðinn er líka hægt að finna á Facebook.

„Það verður veisla og góð stemning og allir eiga að mæta, eða mér finnst það allavega,“ segir Heiðbrá að lokum. ■

Leyndarmál hvannarrótar

- **Loft í maga?** Glímir þú við meltingartruflanir?
- **Næturbrolt** Eru tíð þvaglát að trufla þig?



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS
hvannarrót
100% náttúruleg hvannarrót
60 HYLKI | FÆÐUBÓK FÉNI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.

Osprey Bakpokar

-eitt mesta úrval landsins!

Kestrel 38L Göngubakpoki

33.990 kr.

- Lífstíðarábyrgð
- Stillanlegt bak
- Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur
- Brjóstól á sleða og með neyðarflautu
- Göngustafa festing
- Hámarksöndun í baki
- Flöskuvasar
- Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna
- Vasi á mjaðmabelti
- Vasi í topploki
- Netavasi með lyklahengju undir topploki
- Hægt að opna á hliðinni
- Netapoki
- Tvískipt hólfi
- Lykkja fyrir ísöxi
- Svefnpokaólar



Aether 70L Plus ♂ / **Ariel 70L Plus** ♀
Burðarbakpoki
61.990 kr



Escapist 25L ♂ ♀
Hjólalabakpoki
24.990 kr



Talon 22L ♂ / **Talon 33L** ♂
Físléttur alhliða bakpoki
26.990 kr / 29.990 kr



Arcane Tote Pack 20L ♀ ♂
Gerður úr endurunnum efnum
19.990 kr



Raptor 10L ♂ / **Raven 14L** ♀
Hjólalabakpoki
26.990 kr / 27.990 kr



Transporter dufflar
Verð frá: **23.990 kr**



Hydraulics vatnspokar
Verð frá: **7.590 kr**



Regnplast í ýmsum stærðum
Verð frá: **4.190 kr**



Skipulagspokar
Þrír saman í einum pakka
6.490 kr



Duro 6 ♂ / **Dyna 6** ♀
Hágæða hlaupavesti
23.990kr



Daylite 13L
Alhliða bakpoki
11.990 kr



Seral 7
Mittistaska með vatnspoka
17.990 kr

Stingum af ...

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum bakpokum og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki





Kia Niro Plug In Hybrid - Luxury.
10/2017. Ekinn aðeins 69 þús.
km. Sjálfskiptur. Gler toppluga.
Leðuráklæði ásamt alskynns lúxus.
Bensín vél og uppgefin drægni um
60 km á rafmagni. Verð: 3.690.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA
BÍLINN ?**

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka

Bátar





**JAPÖNSK
GÆÐI!**

Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalítlir Spameytnir
Hljóðlátir 3,5-250 hð

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Garðyrkja



- » Jarðvinna
- » Drenlagir
- » Hellulagir
- » Þökulagir

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

 **519 7780**
prostone@prostone.is

Almenn garðvinna, sláttur,
klippingar og fl. Halldör
garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178,
105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is
www.accountant.is

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur
alla almenna málningarvinnu.
Sanngjarnt verð. S. 696 2748 og 782
4540 / loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

 **519 7780**
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**

Töfluskípti, myndasímar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggitur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir
eru okkar besta auglýsing



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST

Ráðningar

www.fastradningar.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Ukulele
á tilboði**

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Húsnæði

Húsnæði í boði

Einstaklingsbúð tveggja herb.
í Grafarvogi. Laus 1. ágúst.
Upplýsingar í s. 867 4463

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is




Lengjudeildarmörkin

Mánudaga kl. 20.00

Hringbraut fylgist með Lengju-
deildinni í sumar. Hörður og Hrafnkell
fara ítarlega yfir úrslit og mörk í leikjum
Lengjudeildar karla í knattspyrnu alla
mánudaga kl. 20.00, bara á Hringbraut.



ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLT HRINGBRAUT

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Finndu rétta starfskraftinn
með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

PROBI:MAGE®

söluhæstir í Svíþjóð,
frábærar móttökur á Íslandi!



Við notum PROBI:MAGE® mjólkursýrugerla
fyrir þarmaflóruna og meltinguna.



Sigríður Ríta
Ragnarsdóttir



Þorbjörg
Hafsteinsdóttir




Birgir
Þórðarson



Þórunn
Kristjónsdóttir

PROBI® vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og stórmörkuðum.

Veðurspá Föstudagur



Norðan og norðaustan 3-10 m/s, en heldur hvassara við fjöll. Skýjað og sums staðar væta, en léttskýjað á suðvestanverðu landinu. Viða bjart með köflum í dag, en líkur á síðdegisskúrum suðvestantil. Hiti 10 til 24 stig. ■

Fréttavaktin kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttumfjöllun fyrir alla í opinni dagskrá á virkum dögum á Hringbraut og frettablaðið.is

FRÉTTAVAKTIN

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Gat ekki meira

Tónlistarmaðurinn **Royal, Róbert Gíslason**, kom að föður sínum, leikhúsmanninum ást-sæla Gísla Rúnari Jónssyni, látnum þann 28. júlí 2020. Hann tókst á við áfallið og sorgina með laginu Gat ekki meira sem kom út á dánardegi pabba hans. Hann ræðir föðurmissinn, erfiðar tilfinningar og versta ár lífs síns í fyrsta sinn í viðtali við Fréttablaðið.



Tók til fótanna eftir krabbamein

Magnús Hafliðason, forstjóri Domino's, byrjaði að hlaupa utan vega eins og hann ætti lífið að leysa eftir baráttu við eitlakraðbamein. Hann stefnir á hálf t Reykjavíkumaraþon fyrir Kraft og freistar þess að safna sem mestu fé fyrir stuðningsfélagið fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein.

Bolir lífs míns

Stuttermabolir urðu hálfgerð tiskuvara í bólu-setningarátaki sumarsins. Fólk tekur bolina sína þó mishátíðlega og þau sem safna bolum og tjá sig jafnvel með þeim eru sérstakur þjóð-flokkur. **Stefán Pálsson** sagnfræðingur er einn þeirra og dregur fram nokkra sögulega boli úr safni sínu.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT**
- 1 bakmælg
 - 5 gremja
 - 6 hljóm
 - 8 svima
 - 10 íþróttafélag
 - 11 blankur
 - 12 móti
 - 13 halli
 - 15 illfær
 - 17 horft
- LÓÐRÉTT**
- 1 truflast
 - 2 sónn
 - 3 hvoftur
 - 4 stillt
 - 7 orðstír
 - 9 sáldrað
 - 12 ýfi
 - 14 eldsneyti
 - 16 upphrópun

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

Magnús Carlsen (2.847) átti leik gegn Etienne Bacrot (2.678) á Heimsbikarmótinu í skák

29...Hxe4!! 30. Hxd5 Hxe1+ 31. Kf2 Hfe8! 32. He5 (32. Hxd6 H8e2#). 32...Bxe5 33. Kxe1 Bxc3+ 34. Kf1 Bc8! 35. Dg2 Bf5. Heimsmeisterinn vann skömmu síðar. Það vakti athygli að Sam Shankland vann Sergey Karjakin í fyrstu skák þeirra. Átta manna úrslit klárast í dag.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir. ■

Sudoku

			9			3		7
	2	4	7					6
	7		4				1	
		6			7	2		
	9	7			2		6	
	3	8	1	6				
				5		4	2	
3	6	1		4		5		
	5		3					

1		9				8		5
		6					4	
	5	7					1	3
				4	6			9
	3		9					1
		2		5				
8				7	2			
	1							
	9	3				2		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Elskarðu að hangsa?

fatboy®

**Fatboy hengirúmin eru
fullkominn staður til þess
að hanga á og hvílast.**

Hvort sem er inni eða úti, heima eða uppi í bústað,
Headdemock hengirúmið frá Fatboy elskar að
hangsa með þér.

Verð 84.900 kr.

Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | sekkur.is

Tónlistarhátíð með áherslu á hið jákvæða

Tónlistarhátíðin Seigla verður haldin dagana 3.–7. ágúst í Hörpu og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Erna Vala Arnardóttir píanóleikari er listrænn stjórnandi hátíðarinnar. Sjö tónleikar verða á hátíðinni og þar koma fram 24 úrvals listamenn.

kolbrunb@frettabladid.is

„Tónlistarlíf hefur legið niðri að miklu leyti vegna Covid-19. Mig langaði til að skapa eitthvað og styðja við tónlistarfólk á Íslandi. Úr varð þessi tónlistarhátíð þar sem leikin verður klassísk tónlist og áhersla er lögð á söng- og kammer-tónlist,“ segir Erna.

Hún segir að kveikur hátíðarinnar sé kraftur og atorkusemi Clöru og Roberts Schumann. „Þau voru svo einlæg í því að lifa listrænu lífi, stuðla að listsköpun og styðja við tónlistarfólk í kringum sig. Þau héldu endalausa tónleika og tónlistin var alltaf í kringum þau. Þau sömdu dásamlega tónlist og voru miklir brautryðjendur á því sviði.“

Rætt um hjónabandssælu

Erna segir að á hátíðinni verði lögð áhersla á hið bjarta og jákvæða. „Það veitir ekkert af því í dag,“ segir hún. Jafnframt segir hún mikla tilhlökkun ríkja hjá flytjendum. „Sjálfhlakka ég mikið til og er mjög spennt,“ segir Erna.

Erna spilar á tónleikum 6. ágúst í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Yfirskrift þeirra tónleika er Hjónabandssæla og þar syngur Hlín Pétursdóttir Behrens sópran við undirleik Ernu lög eftir Robert Schumann. „Við Hlín ætlum líka að tala um samband Roberts og Clöru, hvernig þau fóru að því að lifa af listinni og hversu mikinn stuðning þau höfðu af hvort öðru og hversu fallegt samband þeirra var.“

Nýr heimur skapaður

Meðal annarra tónleika á hátíðinni má nefna fjölskyldutónleika í Flóa í Hörpu fimmtudaginn 5. ágúst en þar spilar Erna Senur úr barnæsku eftir Robert Schumann sem er safn þrettán stuttra smástykkja. Hvert



Mig langaði til að skapa eitthvað og styðja við tónlistarfólk á Íslandi, segir Erna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ÓTTAR

”

Úr varð þessi tónlistarhátíð þar sem leikin verður klassísk tónlist og áhersla er lögð á söng- og kammertónlist.

þeirra vísar í ákveðinn atburð úr barnæsku og þau eru fjölbreytt, létt og skemmtileg. Hlín Pétursdóttir Behrens hefur skapað nýjan heim innblásinn af þeim og mun lýsa fyrir áheyrendum hvað er að gerast.

Þótt mikið sé um verk eftir Schumann-hjónin á tónlistarhátíðinni



Robert og Clara Schumann, en tónlist þeirra verður áberandi á hátíðinni.

heyrist þar einnig annars konar tónlist, eins og frönsk og rússnesk sönglög, verk eftir Mozart, Lili Boulanger, Franz Schubert og Edvard Grieg. Einnig má heyra frumflutning á nýjum íslenskum söngverkum eftir Þórunni Guðmundsdóttur.

Opnunartónleikar Seiglu verða í Kaldalóni, Hörpu, þriðjudaginn 3. ágúst klukkan 20.00 en þar leikur hin unga og hæfileikaríka Ásta Dóra Finnsdóttir píanóleikari verk eftir Clöru Schumann og Rakhmanínoff. Þá kemur einnig fram velþekkt tónlistarfólk, Grímur Helgason klarínettuleikari, Þórarinn Már Baldursson víóluleikari og Guðrún Dalía Salómundsdóttir píanóleikari, og mun flytja tríó eftir Robert Schumann og Mozart.

Fulla dagskrá og frekari upplýsingar um hátíðina má finna á seiglafestival.is og miðasala fer fram á tix.is. ■



Bjarni Már Ingólfsson verður á Jómfrúnni.

Kvartett Bjarna Más á Jómfrúnni

kolbrunb@frettabladid.is

Á sumardjasstónleikum veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu, laugardaginn 31. júlí, kemur fram kvartett gítarleikarans Bjarna Más Ingólfssonar. Ari Bragi Kárasen leikur á trompet, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á bassa og Einar Scheving á trommur. Bjarni er búsettur í Svíþjóð þar sem hann

nemur í Konunglega Tónlistarháskólanum í Stokkhólmi. Kvartettinn mun flytja úrval af uppáhalds djass-standörðum Bjarna Más, allt frá Amerísku söngbókinni til stórskálda djassins á sjötta og sjöunda áratug 20. aldarinnar.

Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast klukkan 15 og standa til klukkan 17. Aðgangur er ókeypis. ■

Fágætar bækur á uppboði


kolbrunb@frettabladid.is

Margra grasa kennir á bókauppboði sem er hafið á vef Gallerís Foldar en því lýkur sunnudaginn 8. ágúst. Alls verða um 120 bækur eða bókapakkar boðnir upp að þessu sinni.


Nokkuð er af sérstæðum, fágætum og fallegum ljóðabókum. Fyrst ber að nefna eintak af bókinni Geislavirk tungl sem er fyrsta bók Jónasar Svafárs. Eintakið er prentað á nótnablöð og bókinni fylgir merkileg eigendasaga. Það sama á við um fleiri fágætar ljóðabækur sem eru boðnar upp. Tölusett eintak af Það blæðir úr morgunsárinu eftir Jónas, áritað af honum, er einnig boðið upp.

Þá má nefna verkið Óskiljanleg kúla en bókin er eftir Einar Melax. Tvær aðrar bækur Einars, gefnar út af Meðúsu-hópnum, verða boðnar upp en þær eru sjaldsæðar og eftirsóttar á fornþekktum markaði.

Þá má nefna fágætar bækur eftir Dag Sigurðarson; Hundabærin og Drepa, drepa eftir þá Einar Ólafsson. Eins er vert að nefna Birting, hefti 1-2 frá 1957 sem nefnd hafa verið „Dieter Roth“-heftin en listamaðurinn sá um útlit og hönnun þess.



Skemmtileg barnabók.



Fágæt ljóðabók.

Grágás í frumútgáfu frá miðri 19. öld verður boðin upp ásamt fleiri lagabókum. Þá er timaritíð Verðandi, öll tölublöð innbundin í eina bók á uppboðinu, eins Rauðir pennar í heild sinni frá árunum 1935-8.

Af verkum kvenna má nefna Eldingu eftir Torfhildi Hólm og Hælu-blóm eftir Erlu sem er skáldanafn Guðfinnu Þorsteinsdóttur, Skjóna eftir Nínu Tryggvadóttur og Matreiðslubók. Leiðbeiningar handa almenningi eftir Fjölu Stefáns frá 1916.

Boðið er upp frumverk Þorvaldar Thoroddsen, Landfræðisaga Íslands, í vönduðu skinnbandi, allt verkið. Einnig Lýsing Íslands, frumútgáfa í skinnbandi.

Þá má nefna fyrstu útgáfu af verkum Halldórs Laxness, meðal annars Gerska ævintýrið.

Einnig má nefna ýmsar fræðibækur, forn fræði og alls konar áhugaverðar útgáfur.

Bækurnar eru til sýnis í Galleríi Fold og verða allan uppboðstímann. ■



Stillanlegt rúm, Ambassador*

Verð frá:

677.300.-

Skoðaðu rúmin okkar
áður en þú tekur ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is



Nordic Seamless*

Verð frá:

423.600.-



Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.

Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.

- Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
- Yfirdýnur í úrvali.

Stuttur afhendingartími,

- ótal möguleikar.

Mikið úrval af göflum, náttborðum
og yfirdýnum

Continental*

Verð frá:

499.400.-



* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING



Ljósavinir hafa snert líf mitt án þess að vita það.
Komdu í hópinn!

Föstudagur

Hringbraut

- 18.00 Sir Arnar Gauti (e) (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga- húsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
- 18.30 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.00 Eldhugar (e)** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
- 19.30 Fjallaskálar Íslands - Glerár- dalur (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildapáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

RÚV Sjónvarp

- 06.25 ÓL 2020: Borðtennis** Upp- taka frá úrslitum í einliðaleik kvenna.
- 07.50 Kanada - Brasilía** Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum kvenna í fótbolta.
- 09.50 ÓL 2020. Frjálsíþróttir** Bein útsending.
- 12.00 ÓL 2020. Borðtennis Úrslit í einliðaleik karla** Bein út- sending.
- 13.10 ÓL 2020. Hjólréiðar Úrslit í BMX hjólréiðum karla** Bein útsending.
- 14.10 Holland - Bandaríkin** Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum kvenna í fótbolta.
- 16.00 ÓL 2020. Tennis** Útsending frá undanúrslitum í einliða- leik karla.
- 17.50 Tákn málsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Fótboltastrákurinn Jamie**
- 18.28 Fjölskyldukaggin**
- 18.50 Sumarlandabrot 2020** Dani- elslundur - hjólabrautir.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Sumarlandabrot**
- 19.45 Ólympíukvöld** Samantekt frá viðburðum dagsins á Ólympíuleikunum í Tókýó.
- 20.25 Bræðslan** Upptaka frá tón- listarhátíðinni Bræðslunni sem fram fór þann 27. júlí síðastliðinn á Borgarfirði eystra.
- 23.00 Shakespeare og Hathaway** **Shakespeare and Hathaway. Private Investigators** Breskir gamanþættir um einkaspæj- arana Luellu Shakespeare og Frank Hathaway sem leysa sakamál í bænum Stratford-upon-Avon. Aðalhlutverk: Mark Benton og Jo Joyner.
- 23.50 ÓL 2020. Frjálsíþróttir** Bein útsending
- 03.00 ÓL 2020. Golf** Bein út- sending.

Stöð 2 Golf

- 07.00 The Open Championship** Út- sending frá Opna breska.
- 13.00 European Tour** Bein út- sending frá ISPS Handa World Invitational.
- 17.55 The Open Championship** Út- sending frá Opna breska.
- 22.55 2021 Legends Tour- hig- hlights**
- 23.40 The Amateur Championship** **Highlights**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 90210**
- 15.50 American Housewife**
- 16.15 Black-ish**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Hver drap Friðrik Dór?**
- 20.40 The Bachelorette**
- 22.10 Love Island**
- 23.00 Love Island**
- 23.50 Booksmart**
- 01.30 Love, Rosie**
- 03.10 Love Island**
- 04.00 Love Island**
- 04.50 Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar** Ester Blenda Nordström II
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Óskastundin**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Það sem skiptir máli** Tími
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjð Fyrri og seinni hluti**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Sumarmál. Seinni hluti**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Málið er Móðir** útigangs- manns.
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi Sumar.** Dagur á Dalvík 1968
- 16.00 Siðdegisfréttir**
- 16.05 Vinill vikunnar**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Djassþáttur**
- 18.00 Kvöldfréttir**
- 18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.35 Þjóðsagnabættir í samantekt Þorsteins frá Hamri**Urðarmáni
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Flugur** Bítalög í túlkun íslensks tónlistarfólks.
- 19.45 Lofthelgin**
- 20.35 Er ofbeldi myndið? Fimmti og síðasti þáttur**
- 21.15 Andlitsmyndin. Smásaga**
- 21.40 Kvöldsagan. Dægradvöl.** Lestur hefst
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
- 23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 12.05 Mystery 101. Words Can Kill**
- 13.35 Ace Ventura. Pet Detective**
- 14.55 Bridget Jones's Diary**
- 16.30 Mystery 101. Words Can Kill**
- 17.55 Ace Ventura. Pet Detective**
- 19.20 Bridget Jones's Diary**
- 21.00 A Prayer Before Dawn**
- 22.50 21 Bridges** Hörkuspennandi glæpamynd frá 2019 með Chadwick Boseman, Siennu Miller og J.K. Simmons í aðal- hlutverkum.
- 00.30 The Spy Who Dumped Me**
- 02.25 A Prayer Before Dawn**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The Good Doctor**
- 10.05 Shark Tank**
- 10.50 Hvar er best að búa?**
- 11.45 Golfarinn**
- 12.15 The Office**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 First Dates Hotel**
- 13.45 Framkoma**
- 14.10 Lóa Pind. Bara geðveik**
- 14.40 Eldhúsið hans Eypórs**
- 15.05 Jamie's Quick and Easy Food**
- 15.30 Grand Designs. Australia**
- 16.20 The Goldbergs**
- 16.45 Grand Designs. Australia**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.55 Bara grín**
- 19.20 Tónlistarmennirnir okkar** Tónlistarmennirnir okkar er heimildar- og viðtals- þáttaröð þar sem sjónvarps- maðurinn Auðunn Blöndal hittir nokkuð af ástsælasta tónlistarfólki landsins, fylgir því eftir í leik og störfum og fer yfir feril þess. Við- mælendur hans eru m.a. þau Bubbi Morthens, Ragga Gísla, Helgi Björn, Birgitta Haukdal og Erpur.
- 20.05 The Greatest Dancer**
- 21.30 Stuðmenn Tívoli tónleikar** Stórskemmtilegir tónleikar sem haldnir voru í Hörpu í september 2014. Stuðmenn fóru á kostum á þessum tímamótatónleikum byggðum á hinni goðsagna- kenndu hljómplötu Tívoli.
- 22.50 High Life**
- 00.40 Once Upon a Time...in Holly- wood**
- 03.15 Curse of La Llorona**
- 04.45 The Mentalist**
- 05.25 The Good Doctor**
- 06.10 The Office**

Stöð 2 Sport

- 08.15 Pepsi Max Mörkin**
- 09.10 Fjölnir - Keflavík** Útsending frá leik k í Dominos-deild kvenna.
- 10.40 Valur - Haukar**
- 12.00 Dominos Kórfulboltakvöld kvenna**
- 12.50 Skallagrimur - Keflavík**
- 14.05 HK - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
- 15.45 KA - Breiðablik**
- 17.25 Stjarnan - Selfoss** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
- 19.05 Keflavík - Breiðablik** Út- sending frá leik í Pepsi Max- deild karla.
- 20.45 Breiðablik - Selfoss** Útsend- ing frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
- 22.30 ÍBV - Stjarnan** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 23.40 Valur - Haukar**

Stöð 2 Sport 2

- 08.25 Reading - Swansea**
- 10.05 Sheffield Wednesday - Nott- ingham Forest**
- 11.40 Villarreal - Arsenal**
- 13.20 Salzburg - Atletico Madrid**
- 15.00 Arsenal - Dundalk**
- 17.00 Marseille - Atlético Madrid**
- 18.45 Ajax - Liverpool**
- 20.25 Manchester City - Porto**
- 22.10 Tékkland - Danmörk**
- 23.55 Úkraína - England**



FREKJU DOLLA



VILTU. GJÖRA. SVO. VEL!





Saga Sif og Yr taka við joggingbuxunum og svo fá ferðamennirnir skóna afhenta daginn eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýta joggingbuxur til að glæða gönguskó lífi



Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

Íslandsstofa hefur staðið fyrir verkefni þar sem joggingbuxur, einkennisbúningur heimsfaraldursins, eru nýttar til að gera gönguskó skemmtilega öðruvísi. Fatahönnuðurinn Yr Þrastardóttir hennar og skapar skóna.

Fatahönnuðurinn Yr Þrastardóttir hefur unnið að heldur betur áhuga-verðu verkefni undanfarið þar sem hún nýtir jogginggalla, einkennisbúning heimsfaraldursins, til að glæða hefðbundna gönguskó lífi. Fólki býðst að koma með jogginggallana sína og endurnýta þá til að gera öðruvísi og skemmtilega skó.

„Auglýsingastofan Peel hafði samband við mig um miðjan maí með þetta verkefni. Ég átti frekar erfitt með að skilja nákvæmlega hvað átti að gera þar sem hugmyndin er óneitanlega frumleg og skrítn.“

Úr því hófst rannsóknarvinna um hvernig framleiðslunni ætti að vera háttað.

„Stofan vildi reyna eftir fremsta megni að vinna þetta alfarið hér heima en því miður er ekki hægt að gera skó frá grunni hérna svo úr varð að velja erlenda skóframleiðanda. Fyrir valinu varð að vinna með framleiðanda sem gerir 100% vegan gönguskó svo að verkefnið mætti ítrustu kröfum um umhverfissjónarmið,“ útskýrir Yr.

Skemmtilegt verkefni

Því fær fólk tækifæri til að ganga upp á fjöll úr skóm sem eru úr endurnýttu efni og sömuleiðis áberandi öðruvísi en venjulegir gönguskór.

„Verkefnið er hluti af markaðs-herferð Íslandsstofu sem ætlað er að lokka ferðamenn til landsins. Myndband, með frumsömdu lagi tónlistarmannsins Ásgeirs Orra Ásgeirssonar, Sweatpant Boots, í

flutningi rapparans Rögnu Kjartansdóttur sem er einnig þekkt sem Cell 7, er svo hluti af verkefninu, til að ýta undir áhuga ferðamanna.“

Yr segir það hafa verið frábært að hafa fengið þetta tækifæri og gott að sjá að hönnun með fókusi á endurnýtingu og sjálfbærni hafi fengið að leika svona stórt hlutverk í herferðinni.

„Þetta er mjög táknræn pæling. En ég held að það hafi einmitt verið pælingin hjá auglýsingastofunni að kryfja einkenni faraldursins og þá kom þessi hugmynd með joggingbuxurnar, því fólk er búð að vera á sófanum heima undanfarið ár eða jafnvel lengur. Það er einmitt verið að hvetja fólk til þess að fara úr þessum buxum og ferðast,“ segir hún.

Forvitnir ferðamenn

Hún segir ferlið vera þannig að hún klippir niður buxurnar og teiknar svo upp snið af tungu, ökkla, hliðum og tá.

„Þessi snið eru svo saumuð saman og gengið frá endum í iðnaðarsaumavél. Því næst er gert ráð fyrir reimum og saumaðar á framstykkið teygjufestingar fyrir þær. Ég handsauma svo tunguna og ökklastykki á skóinn og í lokin fara skórnir í gegnum skóvél þar sem allt stykkið er fest niður framan á skóinn með leðurþræði. Þá eru skórnir tilbúnir í göngu,“ útskýrir Yr.

Hún segir verkefnið hafa gengið vonum framar, færri hafi fengið skó en vildu.

„Við þurftum að setja upp plan um tíma og vinnu og það varð þannig að ég get tekið á móti tveimur ferðamönnum á dag. Þeir koma með buxurnar til mín og fá skóna afhenta daginn eftir. Svo eru líka ferðamenn að forvitnast og ég hef verið svolítið eins og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn hérna á Skólavörðustíg.



Joggingbuxurnar eru í ólíkum stíl og litum.
MYND/ADSEND



Ánægðir ferðamenn með skóna sína.

MYND/ADSEND



Verkefnið er hluti af Inspired by Iceland herferð Íslandsstofu.

MYND/ADSEND

Þetta er auðvitað mjög vinsæl gata og skórnir í glugganum grípa athygli og vekja forvitni ferðamanna.“

Langur biðlisti

Eru þetta fyrst og fremst túristar sem eru að koma?

„Já, þetta eru 90 prósent ferðamenn sem koma. Einstaka forvitnir Íslendingar kíkja við,“ segir Yr sem fékk nýútskrifaðan fatahönnuð, Sögu Sif Gísladóttur, til þess að aðstoða sig við verkefnið því það fari mikill tími í að spjalla við ferðamenn. Þá gangi stundum hægar að sauma á meðan.

Skórnir eru ferðamönnum að kostnaðarlausu í samstarfi við Vill's Vegan skó.

„Það eru 100 prósent vegan skór til að ýta undir sjálfbærni verkefnisins. Þeir ferðamenn sem skráðu sig fyrst á lista urðu fyrir valinu. Mér skilst að það séu yfir tvö þúsund manns á biðlista, en það var hægt að skrá sig þar ef einhver komst ekki að sækja skóna sína,“ segir Yr og bætir svo við: „Endurnýtingin er aðalmarkmið herferðarinnar. Að glæða gömlu buxurnar nýju lífi og nýta í eitthvað skemmtilegt.“ ■

NÚ ER ÞAÐ SVART



OG LÍKA RAUTT

Nýi Opal pakkinn á sér tvær hliðar. Við mælum með því að smakka þær saman. Prófaðu alveg nýjan Opal frá Nóa Síríus með Hindberja og Saltlakkrís - í einum pakka!
Opal, bætir andrúmsloftið

Tónlistarkonan Elín Hall nýtti tímann á milli bylgna til að koma fram og spila plötuna sína, Með öðrum orðum, fyrir áheyrendur, en hún kom út fyrir ári. Þann 6. ágúst kemur út lagið hennar Komdu til baka en hún er með tónleika síðar í dag á Skuggabaldri.

steingerdur@frettabladid.is

Tónlistarkonan og leiklistarneminn Elín Hall gefur út lagið Komdu til baka, í næstu viku. Hún spilar í dag á Skuggabaldri, á lítilli djasshátíð sem þar er haldin um helgina. Elín, sem er ein af efnilegustu tónlistarkonum landsins, segist hafa verið heppin og náð að taka nokkra smærri tónleika ein síns liðs milli bylgna.

„Ég gat meira að segja haldið tónleika með öllu bandinu mínu í Máli og menningu. Það var ótrúlega skemmtilegt kvöld enda bandið ekki leikið saman á tónleikum í meira en ár.

Núna er liðið ár síðan ég gaf út plötuna mína og ég er fyrst að byrja að geta spilað hana að einhverju ráði núna. Það skemmtilegasta við það að fara út með gítarinn er að hitta nýtt fólk sem hefur verið að hlusta á plötuna í vetur og gefur sér tíma í að koma og sjá mig spila. Ég er eiginlega alltaf hissa að sjá fólk mæta til að hlusta á mig sem ég hef ekki séð áður,“ segir hún.

Elín gaf nýverið út myndband af lifandi flutningi sínum á laginu Dalurinn sem tekið var upp í Akranesvita, í tilefni eins árs afmælis plötu hennar.

„Við Gunnar Bjarki, sem tók það upp, frumsýndum það á Loft Hosteli í júlí. Satt að segja fæ ég svo mikið afhugmyndum á sama tíma að mér var ráðlagt að hugsa bara um eitt skref í einu. En ég er samt alltaf að vinna í plötu, það er bara spurning hvenær hún kemur út.“

Fékk innblástur frá Grease

Elín var að horfa á söngvamyndina Grease í vor og varð fyrir innblæstri frá tónlist sjötta áratugarins og þeim hljóðheimi.

„Lagið Komdu til baka vitnar því svolítið í þá stemningu. Ég er mjög hrifin af öllu sem er á einhvern hátt retró svo þetta var fyrst og fremst mjög skemmtilegt lag að semja. Mér finnst samt eiginlega enn skemmtilegra að spila það en það hefur virkað vel til að gleðja fólk á tónleikum hingað til,“ segir hún.

Elín tók upp myndband við lagið fyrir stuttu.

„Ég fékk til þess að láni Cadillac-bíl frá sjötta áratugnum. Mér fannst svolítið fyndið að standa fyrir framan svona glæstan bíl með rafmagnsgítar í dragt og hælum. Ég hafði fyrir fram ekkert velt fyrir mér þeim sterku kynjatáknum sem



Elín hefur nú þegar tekið upp myndband við lagið Komdu til baka þar sem Cadillac, rafmagnsgítar og dragt spila stórt hlutverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skrifaði meira jákvætt um ástina og lífið í faraldrinum



Ég hef mjög djúpstæða þörf til að spila fyrir aðra sem hefur bara farið vaxandi, því það er jú megin-ástæðan fyrir því að maður er að þessu.

fylgja flottum bílum og gítörum og síðan dragtinni. Ég valdi bara hlut og útlit sem mér finnst ógeðslega kúl. Ég vona bara að ég „púlli“ það og í besta falli brjóti einhverja staðalímynd,“ segir Elín.

Forðaðist neikvæðni

Elín nýtti tímann vel í faraldrinum, þá sérstaklega til að æfa sig.

„Gáfaður tónlistarmaður sagði mér einu sinni að lagasmíðar væru vöðvi sem þyrfti að halda í þjálfun. Ég hef tekið þessu mjög bókstaflega og faraldurinn hefur gefið manni enn þá meiri lausan tíma til að æfa sig.

Ég er stundum hrædd um að lögin gætu farið að verða heimaskritin ef ég fer ekki að spila þau fyrir aðra. Ég hef mjög djúpstæða þörf til að spila fyrir aðra sem hefur bara farið vax-

andi, því það er jú meginástæðan fyrir því að maður er að þessu.“

Fannst þér ástandið hafa einhver áhrif á lagasmíðar þínar?

„Eini virkilegi munurinn sem ég fann á sjálfri mér þegar ég leit yfir þetta tímabil er að ég skrifaði meira jákvætt um ástina og lífið. Ég held ég hafi ekki haft kraftinn í að vera neikvæð inni í stúdíói þegar það var nóg um það úti í samfélaginu. Kannski er þetta einmitt kjarninn í þörfinni til að skapa og flytja tónlist? Að vinna með andstæðar tilfinningar og skoða allan tilfinningaskalann óháð því hvernig líð-anin er hverju sinni.“

Spennandi samstarf

Elín verður líkt og áður kom fram með tónleika á Skuggabaldri við Austurvöll á eftir.

„Svo verð ég í Máli og menningu 11. og 25. ágúst. Ég vil bjóða fólki í sögustund, spila útgefin lög og margt nýtt líka, bæði á íslensku og ensku. Ég verð bara með einn hljóðfæraleikara með mér á hverjum tónleikum, fyrir utan mig, þannig að þetta verður mínimalískt en vonandi kraftmikið. Á eftir verður Reynir Snær gítarleikari með mér og við gerum eitthvað næs.“

Elín hefur alltaf stefnt að því að vinna frekar með öðrum tónlistarmönnum til að þroskast og vikka út listformið, eins og hún orðar það.

„Núna er ég svo lánsöm að vinna með Jose Luis Andervel að lagi sem verður bæði á bæði íslensku og spænsku og er væntanlegt í haust. Lagið er byggt á ljóði sem ég fann eftir ömmu mína lðunni Steinsdóttur sem Jose þýddi svo yfir á spænsku. Annars ætla ég bara að halda áfram að gefa út tónlist og spila eins mikið og ég get. Mig langar að tengja enn betur við þá sem koma að hlusta og er að þróa alls konar hugmyndir til að gera meira fyrir áheyrendur á tónleikum, jafnvel að virkja þá í gegnum tónlistina.“

Tónleikarnir á Skuggabaldri fara fram klukkan 16.00 í dag og lagið Komdu til baka kemur á allar helstu streymisveitur 6. ágúst. ■

SÆKTU NÝJA APPIÐ!


Í LOFTINU

VEISTU HVER ÉG VAR?

LAUGARDAGA 16:00-18:30

BYLGJAN

989



SPAÐINN

Spaðinn hefur verið starfandi í rúmt ár og lagt mikinn metnað í að bjóða sem besta vöru á frábæru verði. Við höfum þróast mikið á þessum tíma og hlustað á okkar viðskiptavini. Nú er kominn tími á næsta skref og höfum við sett saman tilboð sem eru að okkar mati þau bestu á markaðnum og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hópatilboð Spaðans

Hópatilboð 1 (fyrir 4–5)

Tvær 12” Pizzur af matseðli, brauðstangir og sósa = **3.500 kr.**

Hópatilboð 2 (fyrir 6–8)

Tvær 16” Pizzur af matseðli, brauðstangir og sósa = **4.500 kr.**

Önnur tilboð

Hádegistilboð 1

8” Pizza af matseðli og 1/2 ltr gos = **990 kr.**

Hádegistilboð 2

12” Pizza af matseðli og 2x 1/2 ltr gos = **1.590 kr.**

Hádegistilboð 3

16” Pizza af matseðli og 2 ltr gos = **1.990 kr.**

Spaðaprenna 1

12” Pizza af matseðli, brauðstangir, sósa og 2x 1/2 ltr gos = **2.500 kr.**

Spaðaprenna 2

16” Pizza af matseðli, brauðstangir, sósa og 2 ltr gos = **3.300 kr.**

Njóttu pizzunnar eða láttu okkur vita, við trúum á annað tækifæri. Ef þú ert með ábendingu máttu endilega hafa samband við okkur á netfangið takk@spadinn.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Verslunarmannahelgin



í **BONUS**

Fös. 30. júlí: 10:00 – 20:00


Lau. 31. júlí: 10:00 – 20:00

Sun. 1. ágúst: 11:00 – 18:00*

Mán. 2. ágúst

Frídagur Verslunarmanna

Lokað



*Lokað í Kringlunni og Skútvogi

FERSK BLÁBER

500 g



795 kr./pk.

Bláber - Ný Uppskera
500 g í pk. - frá Hollandi

FERSK JARÐARBER

400 g



599 kr./pk.

Driscoll Jarðarber
400 g í pk. - frá Hollandi

KALIFORNÍU VÍNBER

NÝ UPPSKERA



895 kr./kg

Vínber - Rauð og Græn
frá Kaliforníu

ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ KRYDDA SJÁLFIÐ



1.499 kr./kg

Frosið Lambalæri í Sneiðum



3.999 kr./kg

Frosið Lambafillet



1.198 kr./kg

Frosið Lambalæri

NAUTALUND



2.795 kr./kg

Frosin Þýsk Nautalund

SS LAMBALÆRI
KRYDDLEGIÐ



1.498 kr./kg

SS Lambalæri
kryddlegið

ÍSLENSKT
UNGNAUTARIBEYE
BEINT Á GRILLIÐ



4.998 kr./kg

Íslandsnaut Ungnautaribeye
ferskt

GOLI VÍTAMÍN



1.998 kr./pk.

Goli Ashwagandha og Eplaedik
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.



NÝTT Í BÓNUS
Á BÓNUS VERÐI



1.598 kr./pk.

Goli Superfruits
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.

Bakþankar

Svanborgar
Sigmarsdóttur



Frá alfa til ómega

Við erum komin hingað aftur. Sóttvarnir, grímur, bíl á milli fólks, fjarfundir og það sem skiptir öllu máli, að þvo sér oft og reglulega um hendurnar. Mæta svo í sýnatökuröðina við minnstu einkenni.

Virusinn er í þróun. Afbrigðin frá alfa til lambda hafa þegar komið fram og næst verða það mý, ný og xí. Hvaða áhrif þau hafa, önnur en að kenna okkur betur gríska stafrófið, er óljóst. En það að „lífa með veirunni“ verður með hverjum degi nærtækara en að bíða eftir að hún hverfi. Ef við erum heppin verður ómega kvefslan sem við hristum af okkur. Ef við erum óheppin verðum við næstu ár að herða og slaka, halda stóra mannfögnuði þegar glugginn opnast og geymslan verður óhugnanlega hrein.

Þróunin mun ekki stýrast af pólitískri umræðu á Íslandi. Hún mun stýrast af þróun bóludefna og bólusetninga í fjölmönnum ríkjum. Þar mun veiran stökkbreytast. Svo skiptir jú máli hversu dugleg við erum sjálf að gæta sóttvarna. Til einhverra ára er óraunhæft að „loka landinu“ eins og kallað var eftir í byrjun. Delta, eins og fyrri afbrigði og þau næstu, dreifist með okkur sjálfum. Við gleymum sóttvörnunum á góðum stundum og áður en við vitum af hefur fólk smitast um allt land. Af því að við vorum dugleg að ferðast um landið og faðma fólk. En ég er að norðan. Ég veit hvað það er sterkt í fólki að kenna utanbæjarfólki um.

Við hentum grímum og spritti með athöfn snemmsumars. En þurfum nú skömmustuleg að draga sóttvarnirnar aftur fram. Frá alfa til ómega munum við vonandi að minnsta kosti læra að þvo okkur almennilega um hendurnar. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SUMARÚTSALA
BETRA BAKS
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

SUMARÚTSALAN ER ENN Í FULLU FJÖRI!

STILLANLEG RÚM | HEILSURÚM OG -DÝNUR | GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.FL.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIDSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is